

**Lokaskýrsla vegna styrks frá Sprotasjóði
2013-2014**

Sjáðu hvað ég fann

UMS-16/2013

Kolbrún Vigfúsdóttir

Nafn skóla: Leikskólinn Laugasól Reykjavík
Nafn verkefnisins: Sjáðu hvað ég fann
Nafn verkefnisstjóra: Kolbrún Vigfúsdóttir
Númer samnings og ár: UMS-16. Styrkár 2013

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn:

Í umsókninni voru þessar leiðir tilgreindar sem markmið verkefnisins:

Að nýta aðferðir og möguleika útikennslu til að kenna íslensku sem annað tungumál og auka almennt orðaforða og málskilning barnanna í leikskólanum.

Að auka þekkingu barna á umhverfi sínu, bæði náttúru og manngerðu umhverfi.

Rök fyrir mikilvægi útináms fyrir börn sem ekki eiga íslensku sem móðurmál: Gefur börnunum tækifæri til að þekkja og tengjast nánasta umhverfi sínu. Í útikennslu fá börnin tækifæri til að auka orðaforðann í íslensku þar sem í náttúrunni og umhverfi utan leikskólans er að finna aðra hluti en innanhúss eða á lóð leikskólans. Þar er að finna blóm, jurtir og dýr bæði stór og smá. Þar má fræðast um liti og hugtök. Í útinámi fá börnin tækifæri til að læra og efla þekkingu sína í mörgum þáttum: íslenska, stærðfræði, sköpun, rannsóknir og könnun, skynjun og hreyfing.

Verkefninu lauk í júní 2014.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Í byrjun verkefnisins, haustið 2013, héldu Fríða Bjarney Jónsdóttir og Helena Óladóttir sérfræðingar á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar fræðslufund þar sem fléttað var saman málörvun og útinámi með sérstaka áherslu á börn með annað móðurmál.

Í september 2013 hélt verkefnisstjóri fundi með starfsfólki á öllum deildum þar sem hver deild setti sér markmið varðandi útinám fyrir yfirstandandi skólaár.

Verkefnisstjóri hélt fund með deildarstjórum á hverri deild ásamt sérkennslustjóra í október. Þar var farið yfir stöðu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Sérkennslustjóri hjálpaði deildarstarfsmönnum við að meta stöðu þessara barna í íslensku en til þess var notað matstækið *Staða – framfarir – framhald*.

Verkefnisstjóri mætti á starfsmannafund í nóvember þar sem farið var yfir stöðuna og rætt um framhaldið. Í desember fundaði verkefnisstjóri með sérkennslustjóra til að fara yfir niðurstöður úr mati á framförum barnanna.

Á haustönn 2013 og fram í mars 2014 fór verkefnisstjóri í útinámsferðir, einu sinni til tvisvar með öllum deildum.

Í apríl fór stór hluti starfsmanna, ásamt aðstoðarleikskólastjóra og verkefnisstjóra, í náms- og kynnisferð til Malmö í Svíþjóð.

Í apríl og maí 2014 hitti verkefnisstjóri alla deildarstjóra og fór með þeim yfir skráningar og mat sem unnið hafði verið í útinámi.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Framkvæmd verkefnisins fylgdi þeirri áætlun sem sett var.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Nokkur atriði sem upp komu skýra hversu mismunandi vel deildum gekk að ná markmiðum sínum. Þar má nefna deildarstjóraskipti á tveim deildum, fjaravera starfsfólks vegna veikinda og nýtt og óþjálfað starfsfólk.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið er meiri meðvitund meðal starfsmanna um gildi útináms fyrir málörvun og íslenskukennslu barna með annað móðurmál. Meiri samhæfing á skipulagi útináms og betri úrvinnslu úr útináms- og vettvangsferðum. Einnig hefur á nokkrum deildum orðið til áhugi á að vinna með móðurmál barnanna og leggja aukna áherslu á samskipti við foreldra af erlendum uppruna.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Niðurstöður úr mati á verkefninu gefa til kynna að starfshættir á deildum hafi á þessum tíma þróast mismunandi og eru ýmsar ástæður fyrir því. Á þeim deildum þar sem deildarstjórnir höfðu þekkingu og reynslu á útinámi áður en verkefnið fór af stað varð framþróun í skráningum og úrvinnslu á verkefnum útinámsins og vettvangsferða. Almenn er starfsfólk meðvitaðra um gildi og tilgang útináms og sér möguleikana sem það gefur til að auka málörvun og íslenskukennslu barna með annað móðurmál. Tilraunir hafa verið gerðar til að efla móðurmál barna og áhugi hefur myndast á að kynna sér slíka vinnu betur.

Niðurstöður verkefnisins:

Starfsmannahópurinn í Laugasól býr yfir mikilli þekkingu á umhverfismennt og löng hefð er einnig fyrir ríkri málörvun í leikskólanum. Starfsmenn eru einnig margir ágætlega meðvitaðir um tengsl útináms og málörvunar. Þróunarverkefnið hefur því haft mis mikla breytingu í för með sér fyrir starfsmennina. Fram kom í matinu að starfsmenn hafi almennt orðið meðvitaðri um að skoða sjálfan sig og sínar starfsaðferðir.

Laugasól er átta deilda leikskóli og því eðlilegt að nokkur munur sé milli deilda, bæði hvað varðar þátttöku í þróunarverkefninu og öðru starfi. Mikilvægt er að nýta fyrir allan leikskólann þá þekkingu og starfsaðferðir sem fyrir eru í

leikskólanum og gegnur út frá þriggja þrepa námsferli. Vikulegar útinámsferðir á ákveðnum vikudögum, góður undirbúningur fyrir skipulagðar ferðir þar sem hugað er að því hvort börn sem eiga annað móðurmál fylgist með og skilji skilaboðin. Nýta hvert tækifæri í útináminu til að leggja inn orð og setningar. Skráning á ferðinni með ljósmyndum og hreyfimyndum. Úrvinnsla úr hverri ferð í formi umræðu og verkefna s.s. myndverka, ljóða eða leikrita. Setja skráningar upp fyrir foreldra og leggja sérstaka áherslu á að sýna foreldrum af erlendum uppruna. Halda áfram að leita leiða til að efla móðurmál barnanna. Könnunaraðferðin er notuð á sumum deildum leikskólans og getur það verið góð aðferð þegar ekki er verið að fara í skipulagða ferð eða við úrvinnslu ferða. Með því að nýta þessar niðurstöður gefst stjórnendum gott tækifæri til að samræma betur starfsaðferðir, gefa áhugasömum einstaklingum tækifæri til að þróa sig áfram og byggja þannig upp þekkingu og viðhorf í takt við það sem best er gert í leikskólanum.

Eins og í öðrum leikskólum í Reykjavík eru börn í Laugasól sem eiga annað móðurmál en íslensku og það er skemmtileg áskorun fyrir starfsmennina. Áhugi er á að kynna sér hvernig best er að vinna með móðurmál barnanna í leikskólanum og jafnframt sjá til þess að tvítyngdu börnin verði ekki eftirbátar annarra þegar þau byrja í grunnskólanum. Með því að halda áfram þeirri góðu vinnu sem er til staðar og bæta það sem á vantar hefur Laugasól alla burði til að verða í fararbroddi við að tengja saman útinám, málörvun og íslenskukennslu.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Lokaskýrsla verkefnisins verður sett á heimasíðu leikskólans.

Deildarstjórar í leikskólanum eru tilbúinir að taka á móti gestum sem áhuga hafa á að kynna sér aðferðir við málörvun/íslenskukennslu í útinámi.